

252. Stjórnarfundur FEBRANG 21.10. 2024 kl. 13:30

í fundarsal Oddasóknar á Hellu

Mætt voru Jón Ragnar Björnsson, Jóna Elísabet Sverrisdóttir, Svavar Hauksson, Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Margrét Guðjónsdóttir.

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdísi Oddsdóttur að rita fundargerð og Svavar Hauksson að lesa fundargerð síðasta fundar.

1. Fundargerð fundar 251 frá 30.9. 2024 lesin og samþykkt.
2. Hvað gerðist milli funda.
 - a. Árshátíðin. Stjórnin er sammála um að árshátíðin hafi verið vel sótt og mjög vel heppnuð. Kvenfélagið Eining í Hvolhreppi á hrós skilið fyrir frábæran mat og fallega skreyttan sal. Einnig vill félagið þakka veislustjóra og trúbador fyrir frábæra skemmtun.
 - b. Dans 60+ í Hveragerði 15.10.2024. Nokkrir félagar frá FEBRANG fóru í Hveragerði. Vel skipulagt hjá Hvergerðingum sem eiga hrós skilið fyrir framtakið. FEBRANG áætla að halda samskonar dansleik (Góuball) 14. mars á næsta ári á Hvolsvelli. Félög 60+ á Suðurlandi hvött til að taka þátt. Þá er öllum félögum eldri borgara á Suðurlandi boðið að koma.
 - c. Ákveðið hefur verið að setja upp lyklabox fyrir FEBRANG við Menningarsalinn.
 - d. Vefsíða LEB. Hugmynd um að aðildarfélög LEB fái undirsíðu á heimasíðu LEB. Samþykkt að leggja það til við stjórn LEB.
3. Ferðir 2025.
 - a. Til greina kemur að niðurgreiða Færeyjaferðina næsta vor að einhverju leyti. Ekki er enn ákveðið hversu há upphæð það kann að vera. Það fer allt eftir fjölda þátttakenda.
 - b. Skoða hvort hægt sé að sækja styrki í ýmsa sjóði til enn frekari niðurgreiðslu.
 - c. Farið var yfir Ferðaskilmála sem ferðanefnd FEBRANG hefur sett saman. Ferðaskilmálar samþykktir. Verða þeir birtir á vef félagsins febrang.net og á Facebook síðu félagsins.
4. Farið yfir uppfærða rekstraráætlun 2024.
5. Farið yfir uppfærða rekstraráætlun 2025.

6. Til stendur að taka í notkun skráningarkerfið Abler. Það mun auðvelda skráningu og innheimtu á viðburði félagsins. Sigdísi Oddsdóttur falið að hafa samband við Jóhann G. Jóhannsson varðandi leiðsögn fyrir stjórn félagsins.
7. Mönnun í handverki. Stjórn samþykkir að leitast eftir að fá manneskju í 2 tíma á viku til að létta undir með leiðbeinendum. JRB falið að ganga í verkið.
8. Í skoðun er að hafa fræðslu eða fyrirlestra frá ýmsum aðilum einstaka þriðjudaga í mánuði á móti dansinum.
9. Enn er leitað að frábæru fólki í stjórn og nefndir félagsins.
10. Fundaplan:
 - a. 18.11. Meginmál jólahlaðborð, skipulag vorannar.
 - b. 6.1. 2025 Undirbúningur aðalfundar.
3.2. Aðalfundur.
11. Næsti fundur 18.11. kl. 13:30.
12. Önnur mál engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Fundarritari